

REGLUR

um verðmætismörk vegna útgáfu EUR. 2 eyðublaðs og sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaaðila og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA, EBE og EFTA-landanna og Spánar.

1. gr.

Til þess að notið verði tollfrelsis vegna innflutnings á upprunavörum frá EFTA, EBE og Spáni gegn framvísun á EUR. 2 eyðublaði eða innflutnings á slíkum varningi í smábögglum til einkaaðila eða einkafarangri ferðamanna án þess að framvísa í þeim tilvikum EUR. 1 eða EUR. 2 skilríkjum, verður verðmæti innflutningsins að vera innan þeirra marka í reikningseiningum (RE) og jafngildi gjaldmiðils hvers aðildarlands sem gerð er grein fyrir hér á eftir:

Land	Mynt	Smábögglar til einka- aðila 280 RE	Persónulegur fangur ferðamanna 800 RE	EUR. 2 mörk 4000 RE
EFTA:				
Austurríki	ATS	4 400	12 600	63 000
og Finnland	FIM	1 300	3 750	19 000
SPÁNN:				
Ísland	ISK	6 850	19 500	100 000
Noregur	NOK	1 850	5 200	26 000
Portúgal	PTE	32 800	93 700	480 000
Spánn	ESP	35 100	100 300	501 400
Sviss	CHF	550	1 500	7 400
Svíþjóð	SEK	1 800	5 100	25 000
EBE:				
Belgía	BEF	12 700	36 300	179 000
Bretland	GBP	165	470	2 375
Danmörk	DKK	2 300	6 500	32 400
Frakkland	FRF	1 950	5 500	27 500
Grikkland	GRD	27 600	78 800	370 000
Holland	NLG	750	2 100	10 000
Írland	IEP	200	580	2 900
Ítalía	ITL	400 000	1 145 000	5 340 000
Luxemburg	LUF	12 700	36 300	179 000
Pýskaland	DEM	650	1 800	9 000

Útflýjanda er heimilt að rita vörureikning í gjaldmiðli hvaða aðildarríkis að fríverslunar- og viðskiptasamningum sem er. Velji hann hins vegar annan gjaldmiðil geta tollýfirvöld í innflutningslandinu aðeins beitt fjárhæð sem gildir fyrir innflutningslandið.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120/31. desember 1976 um tollskrá o.fl. með síðari breytingum, sbr. 9. gr. auglýsingar nr. 267/1980 og 9. gr. auglýsingar nr. 680/1980 svo og auglýsingar nr. 318/1983 og 319/1983 um breyting á þeim og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 243/1984 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 25. október 1985.

F.h.r.

Sigurgeir A. Jónsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.